



# HRUNAMANNAHREPPUR

**46. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR  
KJÖRTÍMABILID 2014 – 2018 2. FUNDUR ÁRSINS  
VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 1. FEBRÚAR 2018  
KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM**

Árið 2018, þann 1. febrúar kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Logi Eggertsson, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

## **Erindi til sveitarstjórnar:**

1. Hrunaljós: Stöðuyfirlit.
2. Brú Lífeyrissjóður. Lífeyrisskuldbindingar.
3. Lántaka hjá Lánasjóði sveitarfélaga.
4. Samband íslenskra sveitarfélaga. Umsögn um drög að frumvarpi til laga um lögheimili og aðsetur.
5. Síminn: Þjónustusamingur.
6. KPMG: Stjórnsýsluskoðun 2017.
7. Flúðaorka ehf: Tilnefning á stjórnarmanni.
8. Kosning í 17. júní nefnd.
9. Kosning ruslamálaráðherra.
10. Aðsókn 2017 í sundlaug og tækjasal.
11. Verslunar- og þjónustusvæði á Högnastaðaás.
12. Tjaldsvæðið á Flúðum: Viðauki við samning.
13. Atvinnumálalöping Uppsveita.
14. Menningarmars.
15. Næsti fundur sveitarstjórnar.

## **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

16. Ungmennaráð Hrunamannahrepps: Fundargerð Ungmennaráðs frá 28. nóvember s.l.
17. Ungmennaráð Hrunamannahrepps: Fundargerð Ungmennaráðs frá 26. janúar s.l.
18. Umhverfisnefnd: Fundargerð 9. fundar nefndarinnar frá 29. janúar.  
-liggur frammi á fundinum-
19. Skólanefnd: Fundargerð skólanefndar vegna Flúðaskóla frá 31. janúar.  
-liggur frammi á fundinum-

## **Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu:**

20. Fundargerð 149. fundar skipulagsnefndar frá 25. janúar s.l. og afgreiðsla byggingarfulltrúa frá 18. janúar s.l.  
Mál nr. 15. Efra-Sel. Deiliskipulag.  
Mál nr. 16. Garðastígur 8. Ný lóð fyrir smáíbúðir, Garðastígur 8B, deiliskipulagsbreyting.  
Mál nr. 17. Jata. Umsókn um byggingarleyfi fyrir sumarhús.  
Mál nr. 18. Grund. Bygging á lóð, fyrirspurn.  
Mál nr. 22: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.  
-liggur frammi á fundinum-
21. UTU bs: Fundargerð 49. fundar stjórnar frá 11. janúar s.l.
22. UTU bs: Fundargerð 50. fundar stjórnar frá 25. janúar s.l.

## **Kynningarmál:**

- a. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið: Samstarfssamningar sveitarfélaga.
- b. Umhverfis- og tækisvið: Ný borholulóð, deiliskipulag.
- c. Sjálfbært Suðurland: Fyrirlestur.

- d. Umhverfisstofnun: Samantekt umræðna frá 20. ársfundi Umhverfisstofnunar, náttúruverndarnefnda sveitarfélaga og forstöðumanna náttúrustofa, Akureyri 8. nóvember.
- e. Samband íslenskra sveitarfélaga: Innleiðing grunnskóla í kjölfar álits Persónuverndar í Mentor máli og nýjum persónuverndarlögum.

**Fundir framundan:**

- f. Dagur leikskólans 6. febrúar n.k.

**Gengið til dagskrár:**

**Erindi til sveitarstjórnar:**

**1. Hrunaljós: Stöðuyfirlit.**

Á fundinn mættu þeir Guðmundur Daníelsson verkefnisstjóri og Hannibal Kjartansson veitustjóri og fóru yfir stöðu framkvæmda. Fram kom að allt efni verður komið á verkstað í næstu viku en verklegar framkvæmdir tefjast vegna óhagstæðs tíðarfars. Sveitarstjórn þakkar Guðmundi og Hannibal fyrir upplýsingarnar.

**2. Brú Lífeyrissjóður. Lífeyrisskuldbindingar.**

Oddviti fór yfir lífeyrisskuldbindingar hjá Brú Lífeyrissjóði vegna SASS, Atvinnuþróunarfélagsins, Menningarráðs, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Skólaskrifstofu Suðurlands. Samtals nemur skuldbindingin kr. 2.383.394. Sveitarstjórn samþykkir greiðslu skuldbindinganna og að greiðslur verði teknar af handbæru fé sveitarfélagsins og gert verði ráð fyrir þeim breytingum með viðauka við fjárhagsáætlun 2018.

**3. Lántaka hjá Lánasjóði sveitarfélaga.**

Oddviti kynnti lán sem er tekið hjá Lánasjóði sveitarfélaga til að fjármagna skuldbindingar sveitarfélagsins hjá Brú Lífeyrissjóði og skammtímafjármögnun vegna þessara skuldbindinga.

Hrunamannahreppur samþykkir hér með á sveitarstjórnarfundum að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð allt að kr. 100.000.000 til 38 ára, með lokagjalddaga þann 5.11.2055, í samræmi við skilmála lánstilboðs sem liggur fyrir á fundinum og sveitarstjórnin hefur kynnt sér.

Hrunamannahreppur samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól, uppgreiðslugjaldi auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Er lánið tekið til greiðslu skuldbindinga Hrunamannahrepps hjá Brú Lífeyrissjóði sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Jóni G. Valgeirssyni, sveitarstjóra, kt. 060568-4809, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Hrunamannahrepps að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

Einnig felur sveitarstjórn sveitarstjóra umboð til að ganga frá skammtímafjármögnun vegna skuldbindingarinnar við Lánasjóð sveitarfélaga.

**4. Samband íslenskra sveitarfélaga. Umsögn um drög að frumvarpi til laga um lögheimili og aðsetur.**

Oddviti kynnti umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna frumvarps til laga um lögheimili og aðsetur. Sveitarstjórn tekur undir umsögn Sambandsins í heild sinni og telur sérstaklega varhugavert að hægt verði að skrá lögheimili í frístundabyggð og þannig ganga gegn skipulagsákvörðunum og skipulagsvaldi sveitarfélagsins.

**5. Síminn: Þjónustusamningur.**

Oddviti kynnti endurnýjun á þjónustusamningi við Símann. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.

**6. KPMG: Stjórnsýsluskoðun 2017.**

Oddviti kynnti stjórnsýsluskoðun 2017 af hálfu KPMG.

7. **Flúðaorka ehf: Tilnefning á stjórnarmanni.**  
Oddviti fór yfir ákvæði samnings við Flúðaorku ehf þar sem Hrunamannahreppur hefur rétt á stjórnarmanni í félaginu. Sveitarstjórn samþykkir að tilnefna Hannibal Kjartansson, veitustjóra sem aðalmann og Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóra sem varamann í stjórn félagsins.
8. **Kosning í 17. júní nefnd.**  
Oddviti lagði til að Jón Bjarnason verði skipaður í 17. júní nefnd til tveggja ára og var það samþykkt. Þá hefur Svava Kristjándóttir óskað eftir lausn úr 17. júní nefnd og er Kolbrún Haraldsdóttur skipuð í hennar stað til eins árs.
9. **Kosning ruslamálaráðherra.**  
Oddviti lagði til að Kristín Erla Ingimarsdóttir verði skipuð sem ruslamálaráðherra 2018 og var það samþykkt.
10. **Aðsókn 2017 í sundlaug og tækjasal.**  
Oddviti kynnti samantekt á aðsókn í sundlaugina á Flúðum og tækjasal íþróttahússins fyrir árið 2017. Skráðar aðsóknartölur í sundlaugina eru ómarktækar en skv. mati er áætlað að aðsóknin sé svipuð og á árinu 2016 eða um 13.000 manns. Þá sóttu á árinu 2017 tæplega 2.600 manns tækjasal íþróttahússins sem er svipað og á fyrra ári.
11. **Verslunar- og þjónustusvæði á Högnastaðaás.**  
Oddviti kynnti viðbröð við auglýsingu á verslunar- og þjónustusvæði á Högnastaðarás þar sem óskað var eftir samstarfsaðila um uppbyggingu á svæðinu.
12. **Tjaldsvæðið á Flúðum: Viðauki við samning.**  
Oddviti kynnti drög að viðauka við samning við Trog ehf. um rekstur og uppbyggingu tjaldsvæðis að Flúðum og mögulega ráðstöfun lóðarinnar Gröf 4. Sveitarstjórn tekur jákvætt í útfærsluna.
13. **Atvinnumálaþing Uppsveita.**  
Oddviti kynnti fyrirhugað atvinnumálaþing Uppsveita sem ákveðið hefur verið að halda að Borg 21. mars n.k. Sveitarstjórn samþykkir að Hrunamannahreppur taki þátt í verkefninu og felur oddvita/sveitarstjóra að undirbúa aðkomu sveitarfélagsins að því.
14. **Menningarmars.**  
Oddviti fór yfir drög að dagskrá sem er að myndast um Menningarmars í Hrunamannahreppi. Sveitarstjórn hvetur einstaklinga og þjónustuaðila til þátttöku.
15. **Næsti fundur sveitarstjórnar.**  
Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði fimmtudaginn 8. mars nk. kl. 14.00 í Ráðhúsinu á Flúðum.

#### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

16. **Ungmennaráð Hrunamannahrepps: Fundargerð Ungmennaráðs frá 28. nóvember s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð Ungmennaráðs Hrunamannahrepps frá 28. nóvember s.l. Þar var farið yfir nöfn fulltrúa í ráðinu og samþykktir fyrir ráðið. Kosið var í stjórn en Sigríður Helga Steingrímisdóttir var kosin formaður, Bartek Lacek varaformaður og Brynja Pálsdóttir aðalritari. Farið yfir hugmyndir og þátttöku í Menningarmars og önnur mál rædd. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
17. **Ungmennaráð Hrunamannahrepps: Fundargerð Ungmennaráðs frá 26. janúar s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð Ungmennaráðs Hrunamannahrepps frá 26. janúar s.l. Þar voru ýmis mál rædd, m.a. farið yfir hugmyndir fyrir Menningarmars og önnur mál. Oddviti mætti á fundinn og kynnti tvö mál, hvort lækka ætti kosningaaldur í 16 ár og hvernig mætti reyna eigi að minnka brottfall nemenda úr framhaldsskólum. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
18. **Umhverfisnefnd: Fundargerð 9. fundar nefndarinnar frá 29. janúar.**  
Oddviti kynnti fundargerð 9. fundar umhverfisnefndar frá 29. janúar. Á fundinn mætti sveitarstjóri og fulltrúar sveitarstjórnar þar sem fjallað var um úrgangsmál í stóra samhenginu. Samþykkt var að skoða þyrfti leiðir til að hefja sérsöfnun á plasti o.fl. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að skoða leiðir til að hefja sérsöfnun á plasti og einnig kanna kosti þess að bjóða upp á ílát til moltugerðar og samþykkir fundargerðina að öðru leyti.

**19. Skólanefnd: Fundargerð 19. fundar skólanefndar vegna Flúðaskóla frá 31. janúar.**

Oddviti kynnti fundargerð 19. fundar skólanefndar vegna Flúðaskóla. Farið var yfir skýrslu skólastjóra, sjálfsmatsáætlun 2017-2020, bréf velferðarvaktarinnar vegna brottfalls framhaldskólanema, bréf frá foreldrum vegna breyttra tímasetninga á skólahaldi, beiðni nemanda um að fá að vera gestanemandi frá noskum skóla og innleiðing öryggishandbókar og öryggisstefnu vegna Mentor í ljósi persónuverndarlaga. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

**Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu:**

**20. Fundargerð 149. fundar skipulagsnefndar frá 25. janúar s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 17. janúar s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 149. fundar skipulagsnefndar frá 25. janúar s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 18. janúar s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

**Mál nr. 14. Efra-Sel. Deiliskipulag.**

Lagt fram bréf frá Landslagi f.h. landeiganda Efra-Sels þar sem óskað er eftir heimild til að hefja vinnu við gerð deiliskipulags á heimatorfu Efra-Sels.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að unnið verði deiliskipulag í samræmi fyrirbyggjandi beiðni á kostnað eiganda. Unnsteinn víkur sæti við meðferð og afgreiðslu málsins.

**Mál nr. 15. Garðastígur 8. Ný lóð fyrir smáíbúðir, Garðastígur 8B, deiliskipulagsbreyting.**

Lögð fram endurskoðuð tillaga að breytingu á deiliskipulagi sem nær til lóðarinnar Garðastíg 8 á Flúðum. Í breytingunni felst að afmarkaður er byggingarreitur fyrir 2 starfsmannahús með 2-4 íbúðum. Er gert ráð fyrir að húsin geti verið á bilinu 70-120 m<sup>2</sup> að stærð.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og telur að tillagan samrýmist aðalskipulagi svæðisins að gera ráð fyrir starfsmannahúsum á þessu svæði og að tillagan sé óveruleg þar sem hún hefur ekki áhrif á hagsmuni annarra en eiganda lóðarinnar. Í gildandi deiliskipulagi er þegar gert ráð fyrir að megi byggja starfsmannahús á garðyrkjulóðum á svæðinu. Sveitarstjórn samþykkir því tillöguna skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og telur jafnframt að ekki sé talin þörf á grenndarkynningu.

**Mál nr. 16. Jata. Umsókn um byggingarleyfi fyrir sumarhús.**

Lögð fram umsókn Reglu Jötusystkina um leyfi til að byggja 46,7m<sup>2</sup> sumarhús í stað þess sem fyrir er.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og gerir ekki athugasemdir við að umsókn um byggingarleyfi verði vísað til byggingarfulltrúa þar sem hún sé í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar í húsabyrpingu í dreifbýli. Ekki er talin þörf á gerð deiliskipulags eða að grenndarkynna umsóknina.

**Mál nr. 17. Grund. Bygging á lóð, fyrirspurn.**

Á fundi skipulagsnefndar þann 21. desember s.l. var lögð fram fyrirspurn eiganda Grundar um hvort heimilt væri að byggja þrjú 25m<sup>2</sup> gistihús á lóðinni. Að mati skipulagsnefndar var ekki talið að það væri í samræmi við deiliskipulag lóðarinnar sem sveitarstjórn staðfesti sem og hafnaði deiliskipulagi. Nú hafa eigendur lagt fram nýja tillöguteikningu með ósk um álit um hvort að hún samrýmist skipulagi svæðisins.

Skipulagsnefnd telur að fyrirbyggjandi tillögudrög samrýmist ekki deiliskipulagi svæðisins þar sem skilmálar lóðarinnar feli í sér að eingöngu er hægt að gera ráð fyrir viðbyggingu við núverandi hús en ekki verði hægt að byggja nýtt stakt hús. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að farið verði í breytingar á deiliskipulagi í þá átt að byggt verði annað stakt gistihús á lóðinni með þeim skilyrðum að það hús verði í samræmi við þær byggingar að stærð og gerð sem fyrir eru á lóðinni.

**Mál nr. 21: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 17. janúar s.l.

**21. UTU bs: Fundargerð 49. fundar stjórnar frá 11. janúar s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 49. fundar stjórnar UTU bs. Þar var eitt mál á dagskrá, uppgjör vegna Brúar, lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

## 22. **UTU bs: Fundargerð 50. fundar stjórnar frá 25. janúar s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 50. fundar stjórnar UTU bs. Þar var fjallað um málefni er varða kröfur um faggildingu, uppgjör vegna Brúar Lífeyrissjóðs og ráðningu starfsmanns. Fram kom að skuldbinding Hrunamannahrepps vegna lífeyrissjóðskuldbindinga embættisins nemur kr. 1.419.321. Sveitarstjórn samþykkir greiðslu skuldbindingana og að hún verði greidd af handbæru fé sveitarfélagsins og gert verði ráð fyrir þeim breytingum með viðauka við fjárhagsáætlun 2018.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

### **Kynningarmál:**

#### **a. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið: Samstarfssamningar sveitarfélaga.**

Lagt fram til kynningar.

#### **b. Umhverfis- og tæknisvið: Ný borholulóð, deiliskipulag.**

Lagt fram til kynningar.

#### **c. Sjálfbært Suðurland: Fyrirlestar.**

Lagt fram til kynningar.

#### **d. Umhverfisstofnun: Samantekt umræðna frá 20. ársfundi Umhverfisstofnunar, náttúruverndarnefnda sveitarfélaga og forstöðumanna náttúrustofa, Akureyri 8. nóvember.**

Lagt fram til kynningar.

#### **e. Samband íslenskra sveitarfélaga: Innleiðing grunnskóla í kjölfar álits Persónuverndar í Mentor máli og nýjum persónuverndarlögum.**

Lagt fram til kynningar.

### **Fundir framundan:**

#### **f. Dagur leikskólans 6. febrúar n.k.**

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17.20.